

**SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
PENINGAPVÆTTISEFTIRLIT RÍKISSKATTSTJÓRA**

Upplýsingablað til fasteignasala

SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU PENINGAÞVÆTTISEFTIRLIT RÍKISSKATTSTJÓRA

Í gildandi áhættumati Greiningardeildar Ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka er áhætta í tengslum við starfsemi fasteignasala og fasteignaviðskipti metin **veruleg**.

Skipulögð brotastarfsemi er sérstaklega nefnd sem ógn í því samhengi. Brotastarfsemi er vaxandi vandamál í okkar samfélagi. Á hverjum tíma eru verulegir fjármunir þvættaðir sem eru m.a. ávinningur af eftirfarandi flokkum afbrota:

- Fíknefnabrot.
- Skattsvik, spilling.
- Smygl á fólki, mansal, vændi.

Oft er miðað við þá þumalfingursreglu að þvætti á ávinningi skipulagðrar brotastarfsemi sé um eða yfir 1% vergrar landsframleiðslu í vestrænum ríkjum.

- Ekkert bendir til þess að þetta hlutfall sé lægra á Íslandi en annarsstaðar.
- Á Íslandi eru skýr ummerki um að ávinningur brotastarfsemi leiti í fasteignir.
- Raunveruleikinn er því sá að fasteignasalar á Íslandi búa við verulega hættu á að þjónusta þeirra sé misnotuð af brotamönnum og brotahópum í þeim tilgangi að þvætta ávinning skipulagðrar brotastarfsemi.

Fasteignasalar ættu að vera vakandi fyrir ummerkjum um peningaþvætti í þeim viðskiptum sem þeir hafa milligöngu um. Þessu er stundum lýst sem rauðum flöggum. Á næstu blaðsíðu má finna yfirlit um þau flögg sem mikilvægast er þekkja.

Hverju skiptir mestu máli að vera vakandi fyrir?

- Uppruna fjármuna.
 - ⇒ Eru ummerki þess að aðili hafi aflað fjármuna með refsiverðum hætti?
 - ⇒ Bendir eitthvað til að aðili hafi umráð yfir fjármunum sem ekki er hægt að útskýra með vísan til fyrirliggjandi upplýsinga um lögmætar tekjur eða eignir?
 - ⇒ Í fasteignaviðskiptum skipta oft verulegar fjárhæðir um hendur. Það er mikilvægt að fasteignasalar þekki uppruna fjármuna í þeim viðskiptum sem þeir hafa milligöngu um.

Rauð flögg

- Óvenju háar greiðslur í reiðufé eða annar greiðslumáti sem þykir óvenjulegur með hliðsjón af venjum í fasteignaviðskiptum.
 - ⇒ Ávinningur af brotastarfsemi er oft í formi reiðufjár.
 - ⇒ Greiðslur í sýndareignum (cryptocurrencies t.d. bitcoin) eru að verða algengari en áður í brotastarfsemi.
- Óútskýrð eignamyndun eða óútskýrðar greiðslur.
 - ⇒ Greitt er að hluta eða öllu leyti með fjármunum sem óljóst er hvernig var aflað.

Ef grunur vaknar?

- Ef ekki er hægt að útiloka grunsemdir á að tilkynna sfl. um viðskiptin.
- Mikilvægt er að tilkynnt sé um leið og hægt er. Upplýsingar um hvernig á að tilkynna má finna á eftirfarandi vefslóð:
 - ⇒ <https://island.is/v/skrifstofa-fjarmalagreininga-loegreglu/tilkynningarskylda>
 - ⇒ <https://island.is/v/skrifstofa-fjarmalagreininga-loegreglu/goaml>
- Hægt er að hafa samband við sfl. í síma 444-0200 og í tölvupósti á pt@hersak.is.
- **Ath.** að allar upplýsingar um tilkynningar og þann sem tilkynnir eru trúnaðarmál sfl.